

# Tollskrárlyklar og tollskrá Tollakerfis

## Innflutningur

### Fyrirvarar og frávik á upplýsingum í skrá tollskrárlykla og í tollskrá Tollakerfis miðað við gildandi tollskrá, viðauka I við tollalög nr. 88/2005, msbr.

Útgáfa dags. 1. júlí 2013

1. Hér er lýst að hvaða leyti upplýsingar í skrá tollskrárlykla og í tollskrá Tollakerfis eru frábrugðnar þeim upplýsingum, sem er að finna í gildandi tollskrá (tollahandbók II), sem er viðauki I við tollalög nr. 88/2005, með síðari breytingum. Tollskráin sjálf inniheldur aðeins A/A1 toll og E toll auk tollskrárnúmers og vörulýsingu. Tollskrárlyklar og tollskrá Tollakerfis innihalda alla skilmála tollskrárnúmers að auki, svo sem allar tegundir tolla, gjöld, bönn, leyfi, tollabindingar, hvort tollskrárnúmer krefst útfyllingu stykkjatölu, lítratölu í aðflutningsskýrslu og fleiri atriði.

#### 1.1 Tollskrárnúmer, sem gilda hluta úr ári í tollskrá

Skv. gildandi tollskrá 1. maí 2012 gilda neðangreind tollskrárnúmer hluta úr ári:

**Tollskrá Tollakerfis:** Þegar eftirtöldum tollskrárnúmerum er flett upp í tollskrá Tollakerfis þá verður að velja viðmiðunardag innan þess tímabils, sem tollskrárnúmer gildir. Ef það er ekki gert koma skilaboð á skjáinn sem segja: *Tollskrárnúmer ekki á skrá.*

**Tollskrárlyklar:** Ef gildisdagsetning tollskrárlykla er utan við tímabil, sem eftirtalin tollskrárnúmer eru í gildi, þá er tollskrárnúmer ekki til staðar í skrá tollskrárlykla.

<i>Tollskrárnúmer</i>	<i>Gildir á tímabilinu</i>	<i>Tollar auk A/A1 tolls</i>
0603.1201	1. desember til 30. apríl	B, EF, V, YA, YB, YC, YG tollur
0603.1202	1. maí til 30. nóvember	V tollur
0603.1904	1. desember til 30. apríl	B, EF, V, YA, YC, YG tollur
0603.1905	1. maí til 30. nóvember	V tollur
0702.0001	1. nóvember til 15. mars	B, EF, P, V, YA, YC, YG, YI toll.
0702.0002	16. mars til 31. október	B, EF, V, YC, YI tollur
0705.1111	1. nóvember til 15. mars	B, EF, P, V, YA, YC, YG, YI toll.
0705.1112	16. mars til 31. október	B, EF, V, YC, YI tollur
0705.1191	1. nóvember til 15. mars	B, EF, P, V, YA, YC, YG, YI toll.
0705.1199	16. mars til 31. október	B, EF, V, YC, YI tollur
0707.0011	1. nóvember til 15. mars	B, EF, P, V, YA, YC, YG, YI toll.
0707.0012	1. nóvember til 15. mars	B, EF, P, V, YA, YC, YG, YI toll.
0707.0021	16. mars til 31. október	B, EF, V, YC, YI tollur
0707.0022	16. mars til 31. október	B, EF, V, YC, YI tollur
0709.6002	1. nóvember til 15. mars	B, EF, P, V, YC, YG tollur
0709.6003	16. mars til 31. október	B, EF, V, YC tollur
0709.6004	16. mars til 31. október	B, EF, V, YC tollur
0710.8001	1. nóvember til 15. mars	B, C, EF, T, U, V, X, YA, YC, YG, YH
0710.8002	16. mars til 31. október	B, C, EF, T, U, V, X, YA, YC, YH

**1.2 Tollskrárnúmer með lækkuðum A tolli vegna gildandi reglugerðar um tollkvóta**

Ef lækkun A og/eða A1 tolls samkvæmt reglugerð um tollkvóta á tollskrárnúmeri er í gildi á þeim degi, sem valinn er sem viðmiðunardagur við uppflettingu tollskrárnúmers í tollskrá Tollakerfis eða er gildisdagsetning tollskrárlykla, þá er taxti A og/eða A1 tolls á tollskrárnúmerinu samkvæmt gildandi tollkvóta tollskrárnúmersins, *en þó aðeins ef tollkvótinn gildir um alla vöru í tollskrárnúmerinu og ef tollkvótinn er ekki bundinn innflutningi á tilteknu magni*. Annars er tolltaxti A og/eða A1 tolls skv. gildandi tollskrá, viðauka I við tollalög, og þá verður að lækka toll handvirkt í aðflutningsskýrslu í Tollakerfi hjá tollstjóra við tollafgreiðslu ef vara skal njóta lækkaðs tolls skv. tollkvóta.

**1.3 Tollskrárnúmer með magntolli á E og/eða B tegund tolls í tollskrá Tollakerfis og í tollskrárlyklum**

Tollskrárnúmer í tollskrá Tollakerfis og tollskrárlyklum geta borið magntoll á tegund tolls E og/eða B þó að enginn tolltaxti eða 0% tolltaxti sé í E dálki tolls í gildandi tollskrá, viðauki I við tollalög.

Í þessu tilviki hefur magntollur á E og/eða B tegund tolls á tollskrárnúmeri í tollskrá Tollakerfis og tollskrárlyklum verið skráður skv. auglýsingu nr. 372/1995, um toll af vörum sem unnar eru úr landbúnaðarhráefnum, sbr. breytingar á þeirri auglýsingu með auglýsingum nr. 508/1995, 515/1995 og 546/1999. Ennfremur gildir auglýsing nr. 5/2002 um toll af vörum sem unnar eru úr landbúnaðarhráefnum og upprunnar eru á Evrópska efnahagssvæðinu.

**1.4 Tollskrárnúmer með B tegund tolls í tollskrá Tollakerfis og tollskrárlyklum, en E tollur er ekki í tollskrá, viðauka I við tollalög**

Tollskrárnúmer í tollskrá Tollakerfis og tollskrárlyklum getur borið B toll einungis auk A tolls. Þ.e. E tollur er ekki til í gildandi tollskrá, viðauki I við tollalög.

Í þessu tilviki er B tollurinn á tollskrárnúmerinu skv. auglýsingu nr. 161/1993 um niðurfellingu tolla af nokkrum landbúnaðarvörum vegna sérstaks samkomulags milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu (nú ESB, Evrópusambandið). Ennfremur skv. samkomulagi Íslands og ESB um landbúnaðarvörur, sem tók gildi 1. mars 2007.

B tollurinn getur verið 0% eða verið magntollur.

**1.5 Tollskrárnúmer með tegund tolls C, F, O, P, Q, R, S, T, U, W, X, Y, YA, YB, YC, YE, YG, YH, YI**

Hér er um að ræða tegund tolls sem veitir tollmeðferð skv. fríverslunarsamningum EFTA við einstök ríki utan EES (Evrópska efnahagssvæðið) og tvíhliða samningum Íslands við viðkomandi ríki, venjulega um landbúnaðarafurðir og fisk í sumum tilvikum.

Um 25. kafla tollskrár og aftur úr gildir: Ef E tollur er á tollskrárnúmeri skv. gildandi tollskrá þá eru jafnframt allar núgildandi tegundir tolls á tollskrárnúmerinu: C, F, O, P, Q, R, S, T, U, W, X, Y, YA, YB, YC, YE, YG, YH, YI. Auk A, B og E.

Um 1. til 24. kafla tollskrár gildir að auk A tolls geta verið einhverjar eða allar tegundir tolls á tollskrárnúmeri í ýmsum samsetningum.

### 1.6 **Tollskrárnúmer með tegund tolls V**

Hér er um að ræða tegund tolls sem veitir 0 toll við tollmeðferð skv sérstöku samkomulagi Íslands og Færeyja, sem gildir frá 2. september 2005. Gildir um allar vörur í tollskrá og bæði magn- og verðtollar falla niður. Upprunareglur í fríverslunarsamningi við Færeyjar frá 6. ágúst 1992 gilda skv. samkomulaginu.

### 1.7 **Tollskrárnúmer með tegund tolls Z**

Hér er um að ræða tegund tolls sem veitir tollmeðferð vara sem upprunnar eru í 48 fátækustu ríkjum heims skv. skilgreiningu SP, svonefnd GSP-ríki.

Um 25. kafla tollskrár og aftur úr gildir: Ef E tollur er á tollskrárnúmeri skv. gildandi tollskrá þá er jafnframt Z-tollur á tollskrárnúmerinu.

Um 1. til 24. kafla tollskrár gildir skilgreining vörusviðs reglugerðar nr. 119/2002 um tollfríðindi við innflutning vara sem upprunnar eru í fátækustu þróunarríkjum heims.

### 1.8 **Tollskrárnúmer með E tegund tolls og með 0% tolltaxta í tollskrá Tollakerfis og í tollskrárlyklum.**

Tollskrárnúmer í tollskrá Tollakerfis og tollskrárlyklum geta borið tegund tolls E með taxta 0% þó að enginn tolltaxti sé í E dálki tolls í gildandi tollskrá, viðauki I við tollalög.

Í þessu tilviki hefur E tegund tolls með 0% á tollskrárnúmeri í tollskrá Tollakerfis og tollskrárlyklum verið skráð á eftirfarandi tollskrárnúmer, skv. II. viðauka við töflu I í bókun 3 við EES-samninginn. Skv. framangreindu tók E tollur gildi 1. janúar 2002 á eftirfarandi tollskrárnúmerum:

0403.1013, 0403.9013, 0710.4000, 0711.9002, 1903.0001, 1903.0009, 2004.1001 og 2005.2001

### 1.9 **Gatt-tollabindingar.**

Gatt-tollabindingar hafa enn sem komið er aðeins verið skráðar á hluta tollskrárnúmera í tollskrá Tollakerfis og í tollskrárlyklum í köflum 1 til 24, sbr. viðauka IIA og IIB við lög nr. 87/1995.

Þ.e. tollabindingar hafa aðeins verið skráðar á þau tollskrárnúmer þar sem mögulegt er að þær gætu virkað til lækkunar á tolli.

Magntollabindingar (krónutölubindingar) fyrir árið 2005 eru miðaðar við tollgengi fyrir SDR í desember 1999; SDR 99,99. Gatt-tollabindingar eru óbreyttar fyrir árin 2001 til 2012

### 1.10 **Tollskrárnúmer með tegund tolls EF**

Ný tegund tolls, kódi EF, fyrir tileknar vörur upprunnar í EFTA-ríkjunum. Breytingar á stofnsamningi EFTA, sem ákvarðaðar voru með ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar nr. 2/2012, tóku gildi þann 1. júlí 2013. Helstu breytingar eru þær að í staðinn fyrir sérstakan viðauka með upprunareglum kemur tilvísun í svæðisbundinn samning um upprunareglur sem eru sameiginlegar Evrópu og Miðjarðarhafslöndum og veita tollfríðindi. Þar fyrir utan eru gerðar þær breytingar að augin tollfríðindi gilda fyrir landbúnaðarvörur, sem upprunnar eru í EFTA ríki og fluttar eru þaðan til annars ríki í EFTA, að öllum skilyrðum upprunareglna uppfylltum, m.a. að varan þarf að vera flutt beinum flutningi til landsins og gild upprunasönnun þarf að liggja fyrir (EUR upprunasönnun). Þar sem um tollfríðindi er að ræða sem eru víðtækari en þau sem veitt eru á grundvelli EES-samningsins (E kódi fyrir tegund tolls), hefur verið gerður nýr

kódi, EF, fyrir tegund tolls sem notaður skal þegar óskað er eftir í aðflutningsskýrslu að nýta tollfríðindi skv. samningnum.

Þegar það á við er **EF** kódi fyrir tegund tolls skráður í reit 33 í aðflutningsskýrslu í vörulínu, ebl. E-1.1, og landakódi hlutaðeigandi EFTA-lands (NO fyrir Noreg, CH fyrir Sviss eða LI fyrir Liechtenstein) skráður í reit 34 fyrir upprunaland.